

# Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

## Samþykktir

### 1. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. Hlutverk sjóðsins

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

### 3. Sjóðfélagar

- 3.1. Aðilar að Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands eru starfandi tannlæknar og makar þeirra. Þeim starfandi tannlæknum sem skylt er að vera í öðrum lífeyrissjóði, er þó heimilt að vera einnig í þessum sjóði, ef þeir hafa tekjur af tannlækningum, sem þeir greiða ekki iðgjöld af í hinn sjóðinn.
- 3.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.
- 3.3. Sjóðfélagi er sá einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til sjóðsins og á hjá honum réttindi. Réttthafi er einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt viðbótarframlag til séreignar í sjóðinn og á í honum inneign. Þeir sem njóta efla- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.
- 3.4. Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi eða réttthafi fær útborguð réttindi sín eða inneign í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt sam-skiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.
- 3.5. Lífeyrissjóðnum er heimilt að taka við greiðslu frjálsrar séreignar og viðbótar-tryggingaverndar úr öðrum lífeyrissjóðum vegna þeirra einstaklinga sem kjósa að flytja inneign sína úr öðrum sjóðum.
- 3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði

ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.

#### 4. Stjórn

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum sem eru kosnir á aðalfundi sjóðsins og sitja til þriggja ára í senn.
- 4.2. Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður boðar til stjórnarfunda og skal fund halda ef einhver stjórnamanna krefst þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðarbók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.
- 4.3. Hæfi stjórnamanna skal vera í samræmi við 31. gr laga nr. 129/1997.
- 4.4. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerð settar samkvæmt þeim og samþykktum þessum sbr. 29. gr. 129/1997.
- 4.5. Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbaðar þegar meirihluti stjórnamanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnamenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.
- 4.6. Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd hans og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, skv. gildandi fjárfestingastefnu sjóðsins.
- 4.7. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að gera samstarfssamning um viðbótariðgjald við aðra lífeyrissjóði, viðskiptabanka og sparisjóði sem hafa starfsstöð hér á landi eða verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti og hafa starfstöð hér á landi. Þetta samkomulag skal senda fjármálaeftirliti eða öðru hlutað-eigandi stjórnvaldi til kynningar.
- 4.8. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuld-bindinga sinna í samræmi við 2 mgr. 21. gr. laga nr. 129/1997. Sjóðurinn hefur tryggt áhættudreifingu í samræmi við 2 mgr. 21. gr. laga nr. 129/1997 með aðild að örorkusamkomulagi við aðra lífeyrissjóði. Sjóðurinn þarf að tilkynna Fjármálaeftirliti Seðlabankans allar breytingar sem kunna að verða á samkomulaginu.
- 4.9. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við fjármálafyrtæki eða annan hæfan aðila um rekstur sjóðsins.

#### 5. Aðalfundur

- 5.1. Aðalfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga stjórnamenn sjóðsins, fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við, auk sjóðfélaga og rétthafa. Stjórnin skal boða fundinn á sannanlegan hátt með tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Skilt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða

- ef fimmtíu sjóðfélagar krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Aukafund skal boða á sama hátt og aðalfund.
- 5.2. Atkvæðaréttur sjóðfélaga telst eftir inneign þeirra og réttindum við næstliðin áramót. Réthafar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.
  - 5.3. Dagskrá aðalfundar:
    - 5.3.1 Skýrsla stjórnar.
    - 5.3.2 Kynning ársreiknings.
    - 5.3.3 Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
    - 5.3.4 Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins.
    - 5.3.5 Kosning stjórnar.
    - 5.3.6 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 20. greinar.
    - 5.3.7 Laun stjórnarmanna.
  - 5.4. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skal ársrekningurinn gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Stjórn sjóðsins ræður endurskoðanda sjóðsins.

## **6. Tryggingafræðileg athugun**

- 6.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlits Seðlabankans til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirliti Seðlabankans hina tryggingafræðilegu athugun.
- 6.2. Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.
- 6.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt grein 6.2. er stjórn lífeyrissjóðsins skyld að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.
- 6.4. Ef eignir sjóðsins sem tryggja eiga lágmarkstryggingavernd eru samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt hærri en áfallnar skuldbindingar skv. 6.2 skal verja mismuni til aukningar í frjálsri séreign. Aldrei skal þó slík úthlutun hagnaðar leiða til þess að tryggingafræðileg staða sjóðsins sbr. 6.2 verði neikvæð. Fyrsta úthlutun hagnaðar skal framkvæmd eftir reikningsárið 2001 og á fimm ára fresti frá þeim tíma.

## **7. Fjárfestingastefna**

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðs-jón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins skv. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 7.2. Stjórn sjóðsins er heimilt að skipta sjóðnum upp í deildir með mismunandi fjárfestingarstefnu, enda sé fjárfestingastefna hverrar deildar að innan þess ramma er þessi grein setur og sérhver sjóðfélagi hafi val um í hvaða deild eða deildum inneign hans er ávöxtuð.

## **8. Tryggingavernd**

- 8.1. Í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands er starfrækt séreignardeild og samtryggingardeild. Deildirnar eru fjárhagslega aðskildar. Báðar deildirnar lúta sömu stjórn. Útborgun og öflun réttinda lúta ákvæðum II. og III. kafla I. 129/1997.
- 8.2. Lífeyrissjóðurinn býður fjóra kosti við öflunar lágmarkstryggingarverndar. Sjóðfélagar geta valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn, og sama gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku samþykkta þessara. Ef sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið IV. Frá og með 1. júní 2010 skulu nýir sjóðfélagar velja sér leið með skriflegum samningi við sjóðinn.
  - Leið I. Lágmarkstryggingarvernd tryggð eingöngu í sameign.
  - Leið II. Lágmarkstryggingarvernd tryggð með blöndu séreignar og sameignar. Greiðslur ellilífeyris úr sameign hefjast við 75 ára aldur.
  - Leið III. Lágmarkstryggingarvernd tryggð með blöndu séreignar og sameignar. Greiðslur ellilífeyris úr sameign hefjast við 80 ára aldur.
  - Leið IV. Lágmarkstryggingarvernd tryggð með blöndu séreignar og sameignar. Greiðslur ellilífeyris úr sameign hefjast við 85 ára aldur.
- 8.3. Sjóðfélaga ber að greiða til sjóðsins það lágmarksíðgjald sem sjóðurinn áskilur til öflunar lágmarkstryggingarverndar í samræmi við þá leið sem valin er sbr. grein 8.2 og 9.1. Sjóðfélaga er heimilt að greiða til sjóðsins iðgjald umfram lágmarksíðgjald sem rennur til öflunar viðbótartryggingarverndar. Geri sjóðfélagi ekki samning um annað rennur slíkt viðbótariðgjald til öflunar lífeyrisréttinda í frjálsa séreign.
- 8.4. Iðgjöldum til lífeyrissjóðsins er ráðstafað til frjálsrar séreignar, bundinnar séreignar og sameignar. Samningur sjóðfélaga við lífeyrissjóðinn og val á leið til lágmarks-tryggingarverndar sbr. gr. 8.2. ræður því hvernig iðgjaldi hans er ráðstafað.
- 8.5. Frjáls séreign myndast af þeim viðbótariðgjöldum sem varið er til séreignar-myndunar. Frjáls séreign er að fullu séreign sjóðfélagans/réttthafans. Við andlát sjóðfélaga fellur frjálsa séreignin til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum

erfðalaga. Frjálsa séreignin er laus til útborgunar frá 60 ára aldri skv. 11. gr. laga nr. 129/1997.

- 8.6. Bundin séreign myndast af þeim hluta iðgjalds til öflunar lágmarkstryggingarverndar sem varíð er til séreignarmyndunar í leið II, III og IV. Bundin séreign er að fullu sér-eign sjóðfélags. Við andlát sjóðfélaga fellur bundna séreignin til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Þessi séreign skal greidd með jöfnum greiðslum frá lífeyrisaldri fram til þess tíma er greiðslur hefjast úr sameignardeild samkvæmt þeirri leið er sjóðfélagi hefur valið til að tryggja lágmarkstryggingavernd.
- 8.7. Iðgjöld sem greidd eru til samtryggingadeildar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla I. 129/1997. Greiðsla ellilífeyris úr sam-eign hefst við 70 ára aldur, eða síðar ef gerður er samningur um hluta lágmarks-tryggingarverndar skuli aflað með bundinni séreign, og er til æviloka. Réttindaöflun í sameign ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds, lengd iðgjaldagreiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Réttindatöflur kveða á um réttindi sem aflað er með innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum.  
Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldursskeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega úttekt sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breytra reikniforsendna, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.
- 8.8. Áunnin lífeyrisréttindi í samtryggingardeild skulu taka sömu breytingum og vísitala neysluverðs til verðtryggingar. Eftir að taka lífeyris hefst skulu greiðslur frá sameignardeild verðtryggðar samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

## 9. Iðgjald

- 9.1 Iðgjald til Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er frjálst en að lágmarki 15,5% sbr. 2. gr. laga nr. 129, 1997. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga skv. grein 8.2.

- Leið I. 9,22%.
- Leið II. 7,31% til sameignarmyndunar og 2,6% til bundinnar séreignar-myndunar.
- Leið III. 5,53% til sameignarmyndunar og 4,69% til bundinnar séreignar-myndunar.
- Leið IV. 4,18% til sameignarmyndunar og 6,56% til bundinnar séreignar-myndunar.

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 20 ára aldur.

- 9.2. Iðgjald sem greitt er umfram iðgjald til lágmarkstryggingaverndar er sjóðfélaga frjálst að ráðstafa til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar sbr. 5. gr. laga nr. 129/1997.

- 9.3. Lágmarksíðgjald skv. 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Að öðru leyti víast til 3. gr. laga nr. 129/1997.
- 9.4. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.
- 9.5. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlásstofnunum hæsta að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.
- 9.6. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.7. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.8. og 9.9. þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 10. gr. laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.
- 9.8. Að minnsta kosti tvisvar á ári skal senda virkum sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Sjóðinum er heimilt að senda sjóðfélögum yfirlit með rafrænum hætti óski sjóðfélagi eftir því.
- 9.9. Senda skal lokaaðvrun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvrunar.
- 9.10. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvrun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt 9.9. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.11.

- 9.11. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 9.12. Stjórn sjóðsins er heimilt, að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga, að draga af inngreiddum iðggjöldum þeirra, upphæð sem svarar til fyrir hann og maka hans, vegna persónutrygginga, þ.e. sjúkra-, sjúkdóma- og/eða heilsutryggingar hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Þó aldrei þannig að iðgjald til lágmarkstryggingaverndar skerðist. Um útborgun fer eftir 11. gr. laga nr. 129/1997.
- 9.13. Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt fyrir hönd sjóðsins að kaupa endurtryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi og/eða gera samstarfssamning við annan lífeyrissjóð um áhættudreifingu.
- 9.14. Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands er heimilt að bjóða upp á samninga um séreignasparnað og viðbótartryggingarvernd í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerð með lögunum þar um.

## **10. Ellilífeyrir - sameignardeild**

- 10.1. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Hafi sjóðfélagi valið leið II, III eða IV sbr. grein 8.2 hefjast greiðslur úr sameign þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi, aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds og upphafi lífeyrisgreiðslna sbr. meðfylgjandi réttindatöflur.
- 10.2. Sjóðfélagi sem valið hefur leið I, sbr. gr. 9.1, getur flýtt töku ellilífeyris úr sameign fram til 65 ára aldurs eða frestað töku ellilífeyris fram til 80 ára aldurs og lækkar þá eða hækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. réttindatöflur. Sjóðfélaga er að sama skapi heimilt að fresta töku ellilífeyris og hækkar þá fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. réttindatöflur. Sjóðfélagi sem hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr samtryggingardeild getur ákveðið að hefja töku lífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 10.1.
- 10.3 Sjóðfélagi sem valið hefur leið II, sbr. gr. 9.1, og hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr bundinni séreign getur ákveðið að hefja töku lífeyris úr bundinni séreign í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka hálfslífeyris úr bundinni séreign samkvæmt þessari grein lýkur við 75 ára aldur. Við 75 ára aldur hefst taka hálfslífeyris úr samtryggingardeild og lýkur við 80 ára aldur. Telst sjóðfélagi þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 10.1. Fjárhæð mánaðarlegs

ellilífeyris vegna þess hluta sem frestað er frá 75 ára aldri hækkar í samræmi við réttindatöflur.

10.4 Sjóðfélagi sem valið hefur leið III , sbr. gr. 9.1, og hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr bundinni séreign getur ákveðið að hefja töku lífeyris úr bundinni séreign í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka hálfs lífeyris úr bundinni séreign samkvæmt þessari grein lýkur við 80 ára aldur.

10.5 Sjóðfélagi sem valið hefur leið IV , sbr. gr. 9.1, og hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr bundinni séreign getur ákveðið að hefja töku lífeyris úr bundinni séreign í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka hálfs lífeyris úr bundinni séreign samkvæmt þessari grein lýkur við 80 ára aldur.

## 11. Örorkulífeyrir

11.1. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri til 70 ára aldurs ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrisréttur er m.v. áunnin lífeyrisréttindi og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi skilyrði.

11.1.1 Sjóðfélagi hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingarverndar með greiðslum til sjóðsins a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum.

11.1.2. Sjóðfélagi hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingarverndar með greiðslum til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.

11.1.3. Ekki má rekja orkutap til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

11.2. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings, sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því hann hefur aftur störf og greiðslu lágmarksidgjalds til sjóðsins.

11.3. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér með greiðslum til 70 ára aldurs, sjá réttindatöflur. Við framreikning réttinda skal reikna með meðalinnborgun næstu þriggja ára á undan áður en orkutapið átti sér stað. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

11.4. Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir eða tryggingayfirlæknir meta orkutap að minnsta kosti 50% (örorkuprósenta). Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjumissi af völdum örorkunnar.

11.5. Örorkumatið skal miða við hæti sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. Telji stjórn sjóðsins að þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna t.d. sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.

- 11.6. Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftar ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvítá frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.
- 11.7. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.f.frv. Sjóðfélaga er skytt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótageiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélagi nýtur vegna örorkunnar.
- 11.8. Heimilt er að fengnu álti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem gæti leitt til betra heilsufars og hæfni til þess að afla sér launatekna í framtíðinni.
- 11.9. Skytt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 11.10. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuði eftir orkutap, eða ef örorka varir skemur en sex mánuði.
- 11.11. Hafi sjóðfélagi valið leið II, III eða IV sbr. grein 8.2 og fær greiddan örorkulífeyri skv. ákvæðum greinar 11.3 skal sjóðurinn greiða iðgjald fyrir hann til bundinnar sér-eignar sem reiknað er með sama hætti og notað var til að reikna út örorkulífeyrir-rettindin.

## 12. Makalífeyrir

- 12.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hefur iðgjald til hans a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða hefur öðlast rétt til framreiknings og lætur eftir sig maka, og þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjónum.
- 12.2. Við fráfall sjóðfélaga er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka. Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sem sjóðfélaginn framfærði áður, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 70 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.
- 12.3. Fullur makalífeyrir er 50% af áunnum örorkulífeyri sjóðfélaga við andlátið m.v. 100% örorku.
- 12.4. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sam-eiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sam-búðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef

makinn gengur í hjónaband á ný, eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

- 12.5. Réttur til framreiknings á makalífeyrir fer eftir sömu reglum og framrekningur á örorkulífeyrir.

### **13. Barnalífeyrir**

- 13.1. Andist sjóðfélagi sem hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingarverndar með greiðslum til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, hefur öðlast rétt til framreiknings eða notið ellí- og örorkulífeyris við andlát skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyrir til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.
- 13.2. Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Barnalífeyrir er greiddur með hverju barni látns sjóðfélaga til 18 ára aldurs.
- 13.3. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyrir. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 13.4. Barnalífeyrir greiðist framfærenda barnsins.

### **14. Skipting réttinda á milli sjóðfélaga og maka.**

- 14.1. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta lífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

- 14.1.1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
- 14.1.2. Áður en taka ellilífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.

- 14.1.3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda lífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingarverndar skal litið svo á að iðgjaldastofni sjóðfélags hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

## 15. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

- 15.1. Lífeyrir úr samtryggingadeild og bundinni séreign greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 15.2. Þegar sjóðfélagi/réthafi hefur náð 60 ára aldri er heimilt að hefja útborgun lífeyris-sparnaðar úr frjálsri séreign skv. 11. gr. laga nr. 129/1997. Útgreiðslur geta þó ekki hafist fyrr en tveim árum eftir fyrstu inngreiðslu. Verði sjóðfélagi/réthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá frjálsan lífeyrissparnað sinn og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum. Með jöfnum greiðslum er átt við að sjóðfélagi/réthafi fái á hverju ári þann hluta af innistæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem samsvarar fjölda þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.
- 15.3. Deyi sjóðfélagi/réthafi áður en séreignin að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innistæðan til dánarbúsins.
- 15.4. Við útgreiðslu á bundinni séreign sjóðfélaga, sem greiðir lágmarkstryggingaverndina í aðra samtryggingardeild en Lifeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands, gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignahlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksíðgjaldsins til.
- 15.5. Kostnaður við flutning frjálsrar séreignar telst vera 1% af inneign sjóðfélaga.
- 15.6. Samningum um viðbótarlífeyrissparnað er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef réthafi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til Lifeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til sjóðsins. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innistæðu eða réttinda eftir uppsögn. Sjóðfélaga er þó heimilt að gera samning um flutning frjálsrar séreignar eftir uppsögn. Flutningur takmarkast við þá sem geta boðið upp á samning um viðbótartryggingavernd sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Útgreiðslufjárhæðin er inneign sjóðfélaga að frádregnum kostnaði skv. gjaldskrá sjóðsins. Kostnaður við flutning skal að hámarki vera 1% af inneign sjóðfélga, en að lágmarki 6000 kr.

- 15.7. Ef áunnin réttindi til ellilífeiris eru minni en 5.000 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, skal stjórn sjóðsins greiða sjóðfélaga í lífeyri í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, fari sjóðfélagi fram á slíkt með skriflegri beiðni. Fjárhæð þessi skal endurreiknuð í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við vísitölu 290,4 í mars 2008.
- 15.8. Ef bundin séreign sjóðfélaga nær ekki 500.000 kr. skal stjórn sjóðsins greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarþjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 15.9. Ef sjóðfélagi er öryrki og frjáls séreign hans nær ekki 500.000 kr. skal stjórn sjóðsins greiða hana út í heilu lagi ef viðkomandi sjóðfélagi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarþjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

## **16. Endurgreiðsla iðgjalda**

- 16.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða inneign og réttindi erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brotflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða lögbundin iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjjasamningum.

## **17. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris**

- 17.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

## **18. Málsmeðferð og gerðardómur**

- 18.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.
- 18.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málínu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirliti Seðlabankans. Gerðardómurinn skal úrskurða í málínu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er

hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málínu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórн er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

## **19. Eftirlit**

- 19.1. Fjármálaeftirlit Seðlabankans hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og 87/1998.

## **20. Breytingar á samþykktum**

- 20.1. Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða á aðalfundi sjóðsins eða aukaaðalfundi og hlotið staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis.
- 20.2. Tillaga um breytingar á samþykktum þarf að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti fjórum vikum fyrir aðalfund. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og rekstaraðila og birtar á heimasiðu sjóðsins í tvær vikur fyrir aðalfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á aðalfundi.
- 20.3. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að víkja frá gr. 20.1-20.2. og gera breytingar á samþykktum sem leiða beinlínis af lögum.

## **21. Gildistaka**

- 21.1. Samþykktir þessar taka gildi þegar fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur staðfest þær.

Reykjavík, 23. nóvember 2022

Í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.

---

Sigurgísli Ingimarsson

---

Gísli Vilhjálmsson

---

Heiðdís Halldórsdóttir

---

Margrét Helgadóttir

---

Sæmundur Pálsson



*Annik. Elspel.  
Linnur Árnadóttir.*

## Undirritunarsíða

Sigurgíslri Ingimarsson



Undirritað af:  
Sigurgíslri Ingimarsson  
1006567369  
Dags: 24.11.2022  
Tími: 10:19:08  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 31dcbf0b-d764-4ba1-8879-dc2c99dc8b83

Gísli Vilhjálmsson



Undirritað af:  
Gísli Vilhjálmsson  
1305545129  
Dags: 25.11.2022  
Tími: 08:56:04  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 31dcbf0b-d764-4ba1-8879-dc2c99dc8b83

Sæmundur Pálsson



Undirritað af:  
Sæmundur Pálsson  
2512557179  
Dags: 25.11.2022  
Tími: 14:50:13  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 31dcbf0b-d764-4ba1-8879-dc2c99dc8b83

Margrét Helgadóttir



Undirritað af:  
Margrét Helgadóttir  
1909533789  
Dags: 24.11.2022  
Tími: 09:55:28  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 31dcbf0b-d764-4ba1-8879-dc2c99dc8b83

Heiðdís Halldórsdóttir



Undirritað af:  
Heiðdís Halldórsdóttir  
2105815459  
Dags: 24.11.2022  
Tími: 09:48:07  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 31dcbf0b-d764-4ba1-8879-dc2c99dc8b83

